

Menningarsjóðs, og komi 130 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Eðvarð Helgason Vilmundarson greiði 32.850,00 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi 150 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Sigurvin Sveinsson greiði 27.525,00 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi 120 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreint áfengi, 74 flöskur af ákavíti, 72 flöskur af gin og 18 flöskur af koniaki, samtals 164 flöskur, eru upp-tækar til handa ríkissjóði.

Ákærðu Sigurbergur Sverrisson, Angantýr Agnar Áskels-son, Daníel Þór Emilsson, Vilhelm Sigmarsson og Pétur Þór-arinsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hdl., kr. 7.000,00.

Ákærðu Eðvarð Helgason Vilmundarson og Sigurvin Sveinsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðlaugs Einarssonar hdl., kr. 3.000,00.

Allan annan sakarkostnað greiði allir ákærðu in solidum. Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 20. marz 1959.

Nr. 15/1959. **Lúðvíg Eggertsson** (Haukur Jónsson hdl.)

gegn

Ingolf Petersen

og

Sælgætisgerðinni Fríðu (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Héraðsdómur í víxilmáli ásamt fjárnámsgerð staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Þórhallur Pálsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur framkvæmt fjárnámsgerð þá, sem áfrýjað er.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með

stefnu 26. janúar þ. á. að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar. Einnig krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu fyrir Hæstarétti.

Stefndu hafa ekki komið fyrir Hæstarétt og enginn af þeirra hálfu, og er þeim þó löglega stefnt. Málið hefur því verið flutt skriflega samkvæmt 2. tl. 38. gr. laga nr. 112/1935 og er dæmt eftir fram lögðum skilríkjum.

Samkvæmt gögnum málsins ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og áðurgreinda fjárnámsgerð.

Eftir þessum úrslitum verður stefndu dæmt að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 2.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð eiga að vera öröskuð.

Stefndu, Ingolf Petersen og Sælgætisgerðin Friða, greiði áfrýjanda, Lúðvíg Eggertssyni, kr. 2.000,00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. október 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 28. ágúst sl., af Lúðvíg Eggertssyni, Hverfisgötu 32 hér í bæ, gegn Ingolf Petersen, Ingólfsstræti 12 hér í bæ, persónulega og f. h. Sælgætisgerðarinnar Friðu hér í bæ til greiðslu víxils, að fjárhæð 8.738,40 krónur, út gefins 10. júní 1958 af stefnda Ingólfi og samþykkt af honum f. h. Sælgætisgerðarinnar Friðu, til greiðslu í Útvegsbankanum hér í bæ 30. júní 1958, en á víxli þessum, sem var afsagður sökum greiðslufalls 2. júlí 1958, er stefndi Ingolf ábekingur.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða sér fjárhæð víxilsins, kr. 8.738,40, með 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1958 til greiðsludags, 1/3% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 107, 00 í stimpil- og afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu.

Stefndu hafa látið sækja þing, en engum rökstuddum andmælum hreyft gegn dómkröfum stefnanda, sem verða því teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 1.400,00.

Jón G. Tómasson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Ingolf Petersen og Sælgætisgerðin Fríða, greiði báðir fyrir annan og annar fyrir báða stefnanda, Lúðvíg Eggertssyni, kr. 8.738,40 með 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1958 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 107,00 í stimpil- og afsagnarkostnað og kr. 1.400,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 24. október 1958.

Fyrir gerðarbeiðanda er mættur Haukur Jónsson hdl. og krefst fjárnáms til tryggingar skuld, að fjárhæð kr. 8.738,40, með 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1958 til greiðsludags, kr. 29,00 í þóknun, kr. 107,00 í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 1.400,00 í málskostnað, kr. 64,00 fyrir birtingu og endurrit auk alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli er sjálfur mættur og kveðst ekki greiða, en vísar á eignarhluta sinn í húsinu nr. 20 við Háteigsveg til fjárnáms.

Fógeti lýsti yfir fjárnámi í nefndri húseign til tryggingar kröfum gerðarbeiðanda. Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu fjárnámsins fyrir gerðarþola.